

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1515**2019/EES/31/49****frá 10. október 2018****um breytingu á III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir dífenýlamín og oxadixýl í eða á tilteknum afurðum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnar-efnaleifar í eða á matvælum og fódri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EB⁽¹⁾, einkum 14. gr. (a-liður 1. mgr.), 18. gr. (b-liður 1. mgr.) og 49. gr. (2. mgr.),*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir dífenýlamín og oxadixýl.
- 2) Virka efnið dífenýlamín var ekki samþykkt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 578/2012⁽²⁾. Virka efnið oxadixýl var ekki skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2002⁽³⁾. Öll gildandi leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda þessi virku efni hafa verið afturkölluð. Því er rétt að fella brott gildandi hámarksgildi leifa, sem sett eru fram fyrir þessi efni í III. viðauka, í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við a-lið 1. mgr. 14. gr. hennar.
- 3) Að því er varðar dífenýlamín voru fastsett bráðabirgðahámarksgildi leifa með reglugerð (ESB) nr. 772/2013⁽⁴⁾ fyrir epli og perur til 2. september 2015 til að taka á óhjákvæmilegri víxlmengun sem hafði áhrif á ómeðhöndluð epli og perur og stafaði af því að leifar dífenýlamíns voru fyrir hendi í geymsluaðstöðum. Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/67⁽⁵⁾ var gildistími þessara hámarksgilda leifa framlengdur til 22. janúar 2018 til að veita rekstraraðilum nægan tíma til að fjarlægja leifar dífenýlamíns að fullu úr geymsluaðstöðum. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og stjórnendur matvælafyrirtækja lögðu fram nýleg vöktunargögn sem sýna að leifar dífenýlamíns yfir viðeigandi magngreiningarmörkum finnast ekki lengur.
- 4) Að því er varðar oxadixýl voru fastsett bráðabirgðahámarksgildi leifa með reglugerð (ESB) nr. 592/2012⁽⁶⁾ fyrir steinselju, sellerí og flokk salats og salatplantna til 31. desember 2014 til að taka á óhjákvæmilegri víxlmengun sem hafði áhrif á ómeðhöndlaðar nytjaplöntur og stafaði af því að leifar oxadixýls voru fyrir hendi í jarðvegi. Gildistími þessara hámarksgilda leifa var framlengdur til 19. janúar 2018 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/46⁽⁷⁾ með hliðsjón af þrávirkni virka efnisins í jarðvegi. Matvælaöryggisstofnunin og stjórnendur matvælafyrirtækja lögðu fram nýleg vöktunargögn sem sýna að leifar oxadixýls yfir viðeigandi magngreiningarmörkum finnast ekki lengur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 256, 12.10.2018, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 578/2012 frá 29. júní 2012 um að samþykkja ekki virka efnið dífenýlamín í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjútíð. ESB L 171, 30.6.2012, bls. 2).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2002 frá 20. nóvember 2002 um framlengingu tímabilsins sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE og um að færa tiltekin virk efni ekki á skrá í I. viðauka við þá tilskipun og um afturköllun leyfa fyrir plöntuverndarefnum sem innihalda þessi efni (Stjútíð. EB L 319, 23.11.2002, bls. 3).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 772/2013 frá 8. ágúst 2013 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir dífenýlamín í eða á tilteknum afurðum (Stjútíð. ESB L 217, 13.8.2013, bls. 1).

(5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/67 frá 19. janúar 2016 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir ametótradín, klórþalóníl, dífenýlamín, flóníkamíð, flúasínám, flúoxastróbín, halauxífenmetýl, própamókarb, própíókönasól, þíaklópríð og trífloxýstróbín í eða á tilteknum afurðum (Stjútíð. ESB L 15, 22.1.2016, bls. 2).

(6) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 592/2012 frá 4. júlí 2012 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bifenasat, kaptan, sýpródínífl, flúópíkólíð, hexýþíasox, ísópróþíólán, metaldehyð, oxadixýl og fosmet í eða á tilteknum afurðum (Stjútíð. ESB L 176, 6.7.2012, bls. 1).

(7) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/46 frá 18. janúar 2016 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir oxadixýl og spínétóram í eða á tilteknum afurðum (Stjútíð ESB L 12, 19.1.2016, bls. 28).

- 5) Í ljósi þess að virka efnið dífenýlamín var ekki samþykkt og að virka efnið oxadixýl var ekki fært á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessi efni við magngreiningarmörk í samræmi við 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005. Að því er varðar virk efni þar sem lækka ætti öll hámarksgildi leifa að viðeigandi magngreiningarmörkum ætti að skrá staðalgildin í V. viðauka í samræmi við b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.
- 6) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 8) Til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag vegna afurða sem hafa verið framleiddar áður en hámarksgildum leifa var breytt og þar sem upplýsingar sýna að öflugri neytendavernd sé viðhaldið.
- 9) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, þriðju lönd og stjórnendur matvælafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja þessum breytingum á hámarksgildum leifa.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, gildir áfram um afurðir sem voru framleiddar í Sambandinu eða fluttar inn til Sambandsins fyrir 1. maí 2019.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. maí 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum III. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

- 1) Í A-hluta III. viðauka falli dálkarnir fyrir dífenýlamín og oxadixýl brott.
- 2) Í V. viðauka bætist við dálkar fyrir dífenýlamín og oxadixýl:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ^(*)	Dífenýlamín	Oxadixýl
(1)	(2)	(3)	(4)
010000	NÝ EÐA FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR	0,05 (*)	0,01 (*)
011000	Sítrusávextir		
0110010	Greipaldin		
0110020	Appelsínur		
0110030	Sítrónur		
0110040	Súraldin		
0110050	Mandarínur		
0110990	Annað (2)		
012000	Trjáhnetur		
0120010	Möndlur		
0120020	Parahnetur		
0120030	Kasúhnetur		
0120040	Kastaníuhnetur		
0120050	Kókoshnetur		
0120060	Heslihnetur		
0120070	Goðahnetur		
0120080	Pekanhnetur		
0120090	Furuhnetukjarnar		
0120100	Pistasíuhnetur		
0120110	Valhnetur		
0120990	Annað (2)		
013000	Kjarnaávextir		
0130010	Epli		
0130020	Perur		
0130030	Kveði		
0130040	Trjámispilsaldin		
0130050	Dúnepli/japansplómur		
0130990	Annað (2)		
014000	Steinaldin		
0140010	Apríkósur		
0140020	Kirsuber (sæt)		
0140030	Ferskjur		
0140040	Plómur		
0140990	Annað (2)		

(1)	(2)	(3)	(4)
0150000	Ber og smá aldin		
0151000	a) <i>Þrúgur</i>		
0151010	Vínber til neyslu		
0151020	Vínþrúgur		
0152000	b) <i>Jarðarber</i>		
0153000	c) <i>Klungurber</i>		
0153010	Brómber		
0153020	Daggarber		
0153030	Hindber (rauð og gul)		
0153990	Annað (2)		
0154000	d) <i>Önnur smá aldin og ber</i>		
0154010	Bláber		
0154020	Trönuber		
0154030	Rífsber (rauð og hvít) og sólber		
0154040	Stíkilsber (græn, rauð og gul)		
0154050	Rósaldin		
0154060	Mórber (svört og hvít)		
0154070	Eplapyrniber/Miðjarðarhafstrjámspilsaldin		
0154080	Ylber		
0154990	Annað (2)		
0160000	Ýmis aldin með		
0161000	a) <i>Ætu hýði</i>		
0161010	Döðlur		
0161020	Fíkjur		
0161030	Ólífur til átu		
0161040	Gullappelsínur		
0161050	Stjörnualdin		
0161060	Gallaldin		
0161070	Jövuþlómur		
0161990	Annað (2)		
0162000	b) <i>Óætu hýði, lítil</i>		
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)		
0162020	Litkaber		
0162030	Píslaraldin		
0162040	Kaktusfíkjur		
0162050	Stjörnuepli		
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí		
0162990	Annað (2)		
0163000	c) <i>Óætu hýði, stór</i>		
0163010	Lárperur		
0163020	Bananar		
0163030	Mangó		
0163040	Papæjaldin		

(1)	(2)	(3)	(4)
0163050	Granatepli		
0163060	Morgunberkjur		
0163070	Gvövvur		
0163080	Ananas		
0163090	Brauðaldin		
0163100	Dáraaldin		
0163110	Nónberkjur		
0163990	Annað (2)		
0200000	NÝTT eða FRYST GRÆNMETI	0,05 (*)	0,01 (*)
0210000	Rótarávextir og hnýði		
0211000	a) <i>Kartöflur</i>		
0212000	b) <i>Hitabeltisrótarávextir og -hnýði</i>		
0212010	Kassavarætur		
0212020	Sætar kartöflur		
0212030	Mjölrótarhnýði		
0212040	Örvarrætur		
0212990	Annað (2)		
0213000	c) <i>Aðrir rótarávextir og hnýði, að sykkurófum undanskildum</i>		
0213010	Rauðrófur		
0213020	Gulrætur		
0213030	Hnúðsillur/hnúðsellerí		
0213040	Piparrót		
0213050	Ætihnúðar		
0213060	Nípur		
0213070	Steinseljurætur		
0213080	Hreðkur		
0213090	Hafursrætur		
0213100	Gulrófur		
0213110	Næpur		
0213990	Annað (2)		
0220000	Laukar		
0220010	Hvítlaukur		
0220020	Laukar		
0220030	Skalottlaukar		
0220040	Vorlaukar og pípulaukar		
0220990	Annað (2)		
0230000	Aldingrænmeti		
0231000	a) <i>Náttskuggaætt og stokkrósaætt</i>		
0231010	Tómatar		
0231020	Paprikur		
0231030	Eggaldin		
0231040	Okkur		
0231990	Annað (2)		

(1)	(2)	(3)	(4)
0232000	b) <i>Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði</i>		
0232010	Gúrkur		
0232020	Smágúrkur		
0232030	Dvergbítar		
0232990	Annað (2)		
0233000	c) <i>Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði</i>		
0233010	Melónur		
0233020	Risagrasker		
0233030	Vatnsmelónur		
0233990	Annað (2)		
0234000	d) <i>Sykurmaís</i>		
0239000	e) <i>Annað aldingrænmeti</i>		
0240000	Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni <i>Brassica</i>)		
0241000	a) <i>Blómstrandi kál</i>		
0241010	Spergilkál		
0241020	Blómkál		
0241990	Annað (2)		
0242000	b) <i>Kálhöfuð</i>		
0242010	Rósakál		
0242020	Höfuðkál		
0242990	Annað (2)		
0243000	c) <i>Blaðkál</i>		
0243010	Kínakál		
0243020	Grænkál		
0243990	Annað (2)		
0244000	d) <i>Hnúðkál</i>		
0250000	Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm		
0251000	a) <i>Salat og salatplöntur</i>		
0251010	Vorsalat/strábrúða		
0251020	Salat		
0251030	Breiðblaða salatfíflar		
0251040	Karsi og aðrar spírur og sprotar		
0251050	Vetrarkarsi		
0251060	Klettsalat		
0251070	Sinnepskál		
0251080	Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni <i>Brassica</i>)		
0251990	Annað (2)		
0252000	b) <i>Spínat og áþekk blöð</i>		
0252010	Spínat		
0252020	Súpugull		

(1)	(2)	(3)	(4)
0252030	Blaðbeðjur		
0252990	Annað (2)		
0253000	c) <i>Vínviðarlauf og áþekkar tegundir</i>		
0254000	d) <i>Brunnperla</i>		
0255000	e) <i>Jólasalat/salatfíflar</i>		
0256000	f) <i>Kryddjurtir og æt blóm</i>		
0256010	Kerfill		
0256020	Graslaukur		
0256030	Blöð af sellerí		
0256040	Steinselja		
0256050	Salvía		
0256060	Rósmarín		
0256070	Garðablóðberg		
0256080	Basilíka og æt blóm		
0256090	Lárviðarlauf		
0256100	Fáfnisgras		
0256990	Annað (2)		
0260000	Belgávextir		
0260010	Baunir (með fræbelg)		
0260020	Baunir (án fræbelgs)		
0260030	Ertur (með fræbelg)		
0260040	Ertur (án fræbelgs)		
0260050	Linsubaunir		
0260990	Annað (2)		
0270000	Stöngulgrænmeti		
0270010	Sperglar		
0270020	Salatþistlar		
0270030	Sellerí		
0270040	Hnúðfenníkur		
0270050	Ætiþistlar		
0270060	Blaðlaukar		
0270070	Rabarbarar		
0270080	Bambussprotar		
0270090	Pálmakjarnar		
0270990	Annað (2)		
0280000	Sveppir, mosar og skófir		
0280010	Ræktaðir sveppir		
0280020	Vilttir sveppir		
0280990	Mosar og skófir		
0290000	Þörungur og dreifkjörnungslífverur		
0300000	BELGÁVEXTIR	0,05 (*)	0,01 (*)
0300010	Baunir		
0300020	Linsubaunir		

(1)	(2)	(3)	(4)
0300030	Ertur		
0300040	Lúpínur/lúpínubaunir		
0300990	Annað (2)		
0400000	OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN	0,05 (*)	0,02 (*)
0401000	Olíufræ		
0401010	Hörfræ		
0401020	Jarðhnetur		
0401030	Valmúafræ		
0401040	Sesamfræ		
0401050	Sólblómafræ		
0401060	Repjufræ		
0401070	Sojabaunir		
0401080	Mustarðsfræ		
0401090	Baðmullarfræ		
0401100	Risagraskersfræ		
0401110	Litunarþistilsfræ		
0401120	Hjólkrónufræ		
0401130	Akurdoðrufræ		
0401140	Hampfræ		
0401150	Kristpálmafræ		
0401990	Annað (2)		
0402000	Olíurík aldin		
0402010	Ólífur til olíuframleiðslu		
0402020	Olíupálmakjarnar		
0402030	Olíupálmaaldin		
0402040	Dúnviðaraldin		
0402990	Annað (2)		
0500000	KORNTEGUNDIR	0,05 (*)	0,01 (*)
0500010	Bygg		
0500020	Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir		
0500030	Maís		
0500040	Hirsi		
0500050	Hafrar		
0500060	Hrísgrjón		
0500070	Rúgur		
0500080	Dúrra		
0500090	Hveiti		
0500990	Annað (2)		
0600000	TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUD	0,05 (*)	0,02 (*)
0610000	Te		
0620000	Kaffibaunir		
0630000	Jurtate úr		
0631000	a) <i>Blómum</i>		
0631010	Gæsajurt		
0631020	Læknakólfur		

(1)	(2)	(3)	(4)
0631030	Rósir		
0631040	Jasmína		
0631050	Lindiblóm		
0631990	Annað (2)		
0632000	b) <i>Blöðum og kryddjurtum</i>		
0632010	Jarðarber		
0632020	Rauðrunnalauf		
0632030	Indíánaþyrnislauf		
0632990	Annað (2)		
0633000	c) <i>Rótum</i>		
0633010	Garðabruíða		
0633020	Ginseng		
0633990	Annað (2)		
0639000	d) <i>Öðrum plöntuhlutum</i>		
0640000	Kakóbaunir		
0650000	Jóhannesarbrauð		
0700000	HUMLAR	0,05 (*)	0,02 (*)
0800000	KRYDD	0,05 (*)	
0810000	Krydd úr fræjum		0,02 (*)
0810010	Anís/anísfræ		
0810020	Ilmfrú		
0810030	Sellerí		
0810040	Kóríander		
0810050	Kúmín		
0810060	Dill		
0810070	Fenníkur		
0810080	Grikkjasmári		
0810090	Múskat		
0810990	Annað (2)		
0820000	Aldinkrydd		0,02 (*)
0820010	Allrahanda		
0820020	Kínapipar		
0820030	Kúmen		
0820040	Kardimommur		
0820050	Einiber		
0820060	Pipar (svartur, grænn og hvítur)		
0820070	Vanilla		
0820080	Tamarind		
0820990	Annað (2)		
0830000	Barkarkrydd		0,02 (*)
0830010	Kanill		
0830990	Annað (2)		

(1)	(2)	(3)	(4)
0840000	Krydd úr rótum og jarðstönglum		
0840010	Lakkrís		0,02 (*)
0840020	Engifer (10)		0,02 (*)
0840030	Túrmerik/gullinrót		0,02 (*)
0840040	Piparrót (11)		
0840990	Annað (2)		0,02 (*)
0850000	Blómhnappakrydd		0,02 (*)
0850010	Negull		
0850020	Kapers		
0850990	Annað (2)		
0860000	Frævakrydd		0,02 (*)
0860010	Saffran		
0860990	Annað (2)		
0870000	Frækápukrydd		0,02 (*)
0870010	Múskatblóm		
0870990	Annað (2)		
0900000	SYKURPLÖNTUR	0,05 (*)	0,01 (*)
0900010	Sykkurófurætur		
0900020	Sykkurreyr		
0900030	Kaffifíflsrætur		
0900990	Annað (2)		
1000000	AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR	0,05 (*)	0,01 (*)
1010000	Vörur úr		
1011000	a) <i>Svínum</i>		
1011010	Vöðvi		
1011020	Fita		
1011030	Lifur		
1011040	Nýru		
1011050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1011990	Annað (2)		
1012000	b) <i>Nautgripum</i>		
1012010	Vöðvi		
1012020	Fita		
1012030	Lifur		
1012040	Nýru		
1012050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1012990	Annað (2)		
1013000	c) <i>Sauðfé</i>		
1013010	Vöðvi		
1013020	Fita		
1013030	Lifur		

(1)	(2)	(3)	(4)
1013040	Nýru		
1013050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1013990	Annað (2)		
1014000	d) <i>Geitum</i>		
1014010	Vöðvi		
1014020	Fita		
1014030	Lifur		
1014040	Nýru		
1014050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1014990	Annað (2)		
1015000	e) <i>Hestum</i>		
1015010	Vöðvi		
1015020	Fita		
1015030	Lifur		
1015040	Nýru		
1015050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1015990	Annað (2)		
1016000	f) <i>Alifuglum</i>		
1016010	Vöðvi		
1016020	Fita		
1016030	Lifur		
1016040	Nýru		
1016050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1016990	Annað (2)		
1017000	g) <i>Öðrum öldum landdýrum</i>		
1017010	Vöðvi		
1017020	Fita		
1017030	Lifur		
1017040	Nýru		
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1017990	Annað (2)		
1020000	Mjólk		
1020010	Nautgripir		
1020020	Sauðfé		
1020030	Geitur		
1020040	Hestar		
1020990	Annað (2)		
1030000	Fuglsegg		
1030010	Hænsni		
1030020	Endur		
1030030	Gæsir		
1030040	Kornhænur		
1030990	Annað (2)		

(1)	(2)	(3)	(4)
1040000	Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)		
1050000	Froskdýr og skriðdýr		
1060000	Landhryggleysingar		
1070000	Vilt landhryggdýr		
1100000	AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURÐIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)		
1200000	AFURÐIR EÐA HLUTAR AFURÐA, EINGÖNGU ÆTLAÐAR Í FÓÐURFRAM-LEIÐSLU (8)		
1300000	UNNIN MATVÆLI (9)		

(*) Greiningarmörk

(^a) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.“